

REGLUGERÐ

um endurúthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Evrópubandalaginu.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um úthlutun landbúnaðarráðherra á tollkvótum samkvæmt samningi milli Íslands og Evrópubandalagsins um viðskipti með landbúnaðarvörur á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og með vísun til 4. mgr. 12. gr. tollalaga, nr. 88/2005, með síðari breytingum, og í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993. Tollkvótar samkvæmt reglugerð þessari taka til vara sem upprunnar eru í ríkjum Evrópubandalagsins, sbr. bókun 4 við EES-samninginn.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vöruliður:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0202	Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst	01.10.07 - 31.03.08	50.000	0	0
0203	Svínakjöt, fryst	01.10.07 - 31.03.08	100.000	0	0
0207	Kjöt af alifuglum, fryst	01.10.07 - 31.03.08	168.900	0	0
ex 0210	Kjöt og ætir hlutar af dýrum, saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt; ætt mjöl, einnig finmalað, úr kjöti eða hlutum af dýrum (**)	01.10.07 - 31.03.08	11.050	0	0
0406	Ostur og ystingur	01.10.07 - 31.03.08	16.000	0	0
1601	Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti, hlutum af dýrum eða blóði; matvæli gerð aðallega úr þessum vörum	01.10.07 - 31.03.08	30.500	0	0
1602	Annað kjöt, hlutar af dýrum eða blóð, unnið eða varið skemmdum	01.10.07 - 31.03.08	30.000	0	0

(**) skráð í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 510/2006 um vernd landfræðilegra merkinga og uppruna landbúnaðarafurða og matvæla.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem vísað er til skilmála reglugerðar þessarar.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlýsing banka, sparisjóðs eða váttryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs. Hafi tilboðsgjafi eigi leyst til sín tollkvótann innan þessa tímafrests er landbúnaðarráðherra heimilt að bjóða næstbjóðanda óinnleystan tollkvóta.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 12. gr. tollalaga og 65. gr. B laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. mars 2008.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. september 2007.

Einar K. Guðfinnsson.

Arnór Snæbjörnsson.